

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 41/94
frá 15. desember 1994**

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES- nefndarinnar nr.
7/94 frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-
samninginn⁽¹⁾.

Ályktun ráðsins frá 16. júní 1994 um þróun samvinnu á sviði stjórnsýslu við
framkvæmd og fullnustu löggjafar bandalagsins á innri markaðinum⁽²⁾ skal felld inn í
samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi nýr liður komi aftan við 11. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar
92/579/EBE) í XIX. kafla II. viðauka við samninginn:

„12. C/179/94/bls. 1: Ályktun ráðsins frá 16. júní 1994 um þróun samvinnu á sviði
stjórnsýslu við framkvæmd og fullnustu löggjafar bandalagsins á innri
markaðinum (Stjtið. EB nr. C 179, 1. 7. 1994, bls. 1).“.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 160, 28. 6. 1994, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 17, 28. 6. 1994, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 179/94, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti ályktunar ráðsins C/179/94/bls. 1 á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 1995, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 15. desember 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker